

36. fundur Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja haldinn 24. maí kl. 11:00 í Eldey frumkvöðlasetri Grænásbraut 506, Reykjanesbæ.

Mætt:Árni Sigfússon, Róbert Ragnarsson, Magnús Stefánsson, Ásgeir Eiríksson, Sigrún Árnadóttir, Guðmundur Pétursson, Kjartan Eiríksson, Berglind Kristinsdóttir, Eggert Sólberg Jónsson, Björk Guðjónsdóttir, Puríður Aradóttir og Dagný Gísladóttir sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi voru Sævar Magnússon.

Dagskrá:

1. Undirritun fundargerðar frá síðasta fundi.
2. Kynning á MBA verkefni – stefnumótun Markaðsstofu Reykjanes
3. Útreikningar frá Curron vegna gestakorts á Reykjanesi
4. Leit og björgun á norðurslóðum – samantekt vinnustofu á vegum Íslandsstofu
5. Beiðni um stuðning frá VF við gerð á sjónvarpsþáttum
6. Atvinnueysistöflur
7. Önnur mál

1. Mál Undirritun fundargerðar frá síðasta fundi.

Fundargerðin lögð fram og samþykkt.

2. Kynning á MBA verkefni – stefnumótun Markaðsstofu Reykjanes

Pura kynnti framkvæmd og niðurstöður á MBA verkefni sem unnið var fyrir Markaðsstofu Reykjanes og verður nýtt til stefnumótunar.

3. Útreikningar frá Curron vegna gestakorts á Reykjanesi

Framkvæmdastjóri og verkefnastjóri Markaðsstofu Reykjanes kynntu útreikninga frá Curron vegna gestakorts á Reykjanesi. Jákvætt var tekið undir það að verkefnið verði þróað áfram.

Framkvæmdastjóra falið að vinna tillögur að framkvæmd og innleiðingu verkefnis og kostnaðarmat.

4. Leit og björgun á norðurslóðum – samantekt vinnustofu á vegum Íslandsstofu

Skýrslan lögð fram og kynnt af Guðmundi Péturssyni. Verkefnið komið vel á vel og Íslandsstofa kemur til með að leiða hluta af verkefninu áfram. Lögð verður áhersla á að kennsluhlutinn verði staðsettur á Suðurnesjum.

5. Beiðni um stuðning frá VF við gerð á sjónvarpsþáttum

Framkvæmdastjóri lagði fram beiðni frá Vf um stuðning við gerð og vinnslu sjónvarpsþátta um Suðurnes. Samþykkt að styðja verkefnið um kr. 800.000 að því gefnu að það nýtist í markasetningu á Reykjanesi og Markaðsstofa Reykjanes hafi aðgang að því.

6. Atvinnuleysistöflur

Heildarfjöldi atvinnuleitanda á Suðurnesjum 14. maí 2014 var 665 en var 848 í mars sl. og er því um talsverða fækkun að ræða. Reykjanesbær 430, Sandgerði 86, Garður 40, Vogar 31, Grindavík 54.

## 7. Önnur mál

- Björk kynnti aukaúthlutun Vaxtarsamnings Suðurnesja kr. 8.000.000.
- Róbert kynnti hugmyndir um sem ræddar voru á fundi jarðvangsins um þjónustu á Reykjanesi og athugun á fasteignapróunarfélagi í því sambandi.

Næsti fundur verður haldinn 20. júní n.k.

Fleira ekki gert og fundi slitið.